

Bandarískar bjálfasýningar og týndu forsetaframbjóðendurnir

Aðdáendahirðin í kringum Katrínu Jakobsdóttur hristi 57 milljónir fram úr ermunum til að koma henni á Bessastaði. Þjóðinni hefur greinilega ofboðið skemmdarverk hennar á íslensku samfélagi, því henni var hafnað, þrátt fyrir rándýran áróður.

Skemmtiefnið í framboði Katrínar var þó hjóm eitt í samanburði við bjálfasýningarnar í Bandaríkjunum. Þar hverfa milljaðartugir í skemmtanahítina. Uppgerðarbros og glaðværð Kamala Harris verður þó ekki metin til fjár.

Það er í sjálfu sér enginn eiginlegur munur á flokkunum, enda kallaður Sameiningarflokkur auðkýfinganna. Við hina jörpu Kamölu (sem segist vera svört) styður Eric Schmitt, við bak Donald Trump, Peter Thiel. Báðir eru félagar í auðjöfrafélaginu, Bilderberg.

Kóngarnir við kjötkatlana í Silicon Valley, sem framleiða alls konar tækniúnað til njósna og hernaðar, iðulega í samvinnu við yfirvöld í Bandaríkjunum og Ísrael, flykkja sér að bak við Dónald.

En þó ekki Vondi-Valdi Putin, sem ber ábyrgð á vondu sumri á Íslandi eins og mörgu öðru. Hann sagði íbygginn um daginn, að hann aðhylltist kjör Kamölu. Því hvernig ætti kona, sem byggi yfir svo „smitandi brosi,“ viljað nokkrum manni illt, sagði hann.

Alríkislögreglan og dómsvaldið eru í þann mund að búa til nýtt „Rússahneyksli.“ RT er sakað um að reyna að hafa áhrif á kosningarnar. Það er engin þurrð á skemmtiefni.

Stærsti kaupandi hollustu kjósenda og þingmanna í Bandaríkjunum er „Ráðið um opinber málefni Ísraels og Bandaríkjanna“ (American Israel Public Affairs Committee – AIPAC), hagsmunasamtök Gyðinga í þágu Ísraels. T.d. hefur hver og einn lýðveldisflokksmaður (Repúblikani) sérstaka „Ísraelsfóstru.“

Talið er að Jósef forseti hafi þegið um tólf milljónir dala á ferli sínum. Ráðið hefur til þessa eytt rúmlega 100 milljónum dala í kosningarnar.

Gyðingarnir hafa þó ekki keypt trúfélaga sinn, frambjóðandann, Jill Stein. Auðkýfingar og aðrir frambjóðendur hafa keppst um að ýta henni til hliðar, ásamt varaforsetaefninu, Butch Ware. Hann er blakkur Múhammedstrúarmaður. (Og ekki hefur RÚV nefnt þetta par á nafn – svo ég hafi heyrt að minnsta kosti.) Þau ætla sér m.a. að stöðva öll stríð Bandaríkjanna í veröldinni. Skiljanlega eiga þau ekki upp á pallborðið í samfélaginu, sem þrífst á hernaði.

Þetta gerist í landi, þar sem aðalútflutningsvaran er lýðræði og frelsi, flutt með vopnavaldi. Láí enginn breska stjórnarereindrekanum og sagnfræðingnum, Craig Murray. Tálýn og hugvillu um lýðræði hefur hann bægt úr huganum og viðurkennir með sjálfum sér, að það megi einu gilda, hvað barnið er kallað: Vesturveldi, frjálslýnt lýðræði, auðræði, nýfrjálshyggja, nýíhaldshyggja, heimsvaldahyggja eða ný heimsskipan. Í raun er það á illskunnar valdi. Hann nefnir sem dæmi stríðin í Írak og nú þjóðarmorðið á Gaza og stríðið í Úkraínu og Rússlandi.

„Í Vestrinu er ekki góðu gaurana að finna. Svokölluð „lýðræðiskerfi“ okkar þjóða ekki þann valkost að kjósa nokkurn mann til valda, sem ekki styður þjóðarmorð og heimsvaldastefnu í utanríkismálum.“

Craig víkur einnig að ritskoðun og múlbindingu. Þaggað er niður í andmælaröddum. Hann tekur sjálfan sig sem dæmi. PayPal tekur fyrir greiðslur til hans.

https://steigan.no/2024/09/israel-pavirker-valget-i-usa/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.craigmurray.org.uk/archives/2024/08/we-are-the-bad-guys/>

https://chrishedges.substack.com/p/campaigning-against-genocide-w-dr?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=148503426&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email